

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Vindás-Brekknáás.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 17. maí 2023, breytingu á skilmálum deiliskipulags Vindáss-Brekknááss. Í breytingunni felst að orðalagi í lið 5.8, er varðar djúpgáma, er breytt ásamt því að byggingarmagni er breytt þannig að B rými á jarðhæð eru ekki talin með í skilmálatöflu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Spítalastígur 4, 4B, 6 og 6B.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 30. mars 2023, breytingu á deiliskipulagi reits 1.184.0, Bergstaðastrætisreits vegna lóðanna nr. 4, 4B, 6 og 6B við Spítalastíg. Í breytingunni felst að kvöð um umferð á lóð Spítalastígs 4 að Spítalastíg 4B er felld út og þess í stað er sett inn kvöð á allar lóðir um umferð að Spítalastíg 4B í framhaldi af umferðarkvöð á lóð nr. 6. Byggingarmagn á Spítalastíg 4 eykst sem nemur flatarmáli undirganga. Byggingarreitir fyrir Spítalastíg 4B og 6B er færður um 3 m til vesturs. Lóðamörkum milli 4B og 6B er jafnframt breytt þannig að þau skipta byggingarreit í tvo jafna helminga. Lóðastærðir breytast eins og kemur fram í skilmálatöflu og gert er ráð fyrir tveimur bílastæðum við austurgöfl Spítalastígs 6B. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skarfagarðar 6, 8 og 10.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 11. maí 2023, breytingu á deiliskipulagi Skarfabakka, Klettasvæðis, vegna lóðanna nr. 6, 8 og 10 við Skarfagarða. Í breytingunni felst sameining lóða, afmörkun lóðar breytist og stækkar til norðurs, bætt er við nýjum byggingarreit og núverandi byggingarreitir fellur niður. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Holtsgata 23.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 4. maí 2023, breytingu á deiliskipulagi Vesturvallareits vegna lóðarinnar nr. 23 við Holtsgötu. Í breytingunni felst að heimilt verður að hækka mæni hússins. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Suðurlíð 9, Klettaskóli.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 30. mars 2023, breytingu á deiliskipulagi Suðurlíða vegna lóðar nr. 9 við Suðurlíð, Klettaskóla. Í breytingunni felst að byggingarreitir fyrir tímabundnar kennslustofur er stækkaður þannig að hægt sé að fjölga kennslustofum úr fjórum í átta ásamt því að hámarksbyggingarmagn á lóðinni er aukið um 500 fm. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hrísateigur 9.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 25. maí 2023, breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis vegna lóðarinnar nr. 9 við Hrísateig. Í

breytingunni felst að byggingarreitur bílskúrs er stækkaður og mun bílskúr fylgja sömu hæð og bíla-skúrar að Hrístateig 11. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Silfratjörn 1-3, Gæfutjörn 18 og Skyggisbraut 21-23 - lóð C1.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 8. júní 2023, breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 1 við Silfratjörn. Í breytingunni felst að byggingarreitur vestan við húsið er stækkaður lítillega, skilgreindir eru þrír nýir byggingarreitir, byggingarreitur B1, B2 og B3, sem allir hafa skilyrta notkun, eitt bílastæði verði fyrir hverja íbúð óháð stærð, auk þriggja bílastæða fyrir hreyfihamlaða, svalir mega ná 160 cm út fyrir byggingarreit, en þó mega þær ekki fara yfir lóðarmörk, heimilt verði að færa byggingarmagn á milli byggingarreita og staðfanga og að sami aðili megi hanna fleiri en eitt hús á lóðinni. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 23. júní 2023.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 26. júní 2023